

Góðan dag ágætu bæjarstjórnendur og forsvarsmaður fyrir sundlaug Álftaness.

Við erum hér nokkur sem höfum í vetur nokkrum sinnum talað um að það þurfi að fara að laga eitt og annað hér í Sundlaug Álftaness.

Ákveðið var að senda ykkur lista með því sem okkur finnst þurfa að lagfæra hér hjá okkur en kostar kannski ekki stórfé.

Okkur þykir vænt um laugina okkar og viljum að hér sé bæði allt í lagi og snyrtilegt.

Eftirtalið er smá listi með því sem okkur finnst þurfa að laga

Í kvennaklefa:

Setja lykla í skápa, vantar ansi marga,

Laga sturtuhausu, sumir eru að gefa sig.

Setja hitastíllt blöndunartæki á fleiri sturtur. Það eru ansi margar sem vilja hafa möguleika á kaldari sturtu

Endurnýja spegla, þeir eru allir ónýtir.

Setja ljós yfir spegla í búiningsklefum svo hægt sé að „setja á sig andlitið“ við þá.

Setja hillur undir spegla í búiningsklefum, til að leggja frá sér áhöld og græjur

Setja innstundur við spegla í búiningsklefum.

Laga sápuskammtara.

Í karlalefa

Setja lykla í skápa, vantar ansi marga.

Vantar að laga sturtur, t.d. sturtuhausu og setja fleiri hitastíllt blöndunartæki

Laga spegla

Laga niðurall/föll sem leka niður í íþróttasal.

Íþróttasalur

Endurnýja „Yogadýnur“

Laga lóð- vantar nokkrar þyngdir

Mætti setja vatnstank og glös

Úti

Eitt er ansi bagalegt. Klukkurnar eru alltaf vitlausar.

Það vantar nýja ausu í Sauna klefanum.

Forvitin að fréttu af gufubaðinu, hvenær það kemst í gagnið aftur.

Svo mætti þrifa betur.

Við vonum að þessi litli listi okkar komi að notum við lagfæringar á góðu sundlauginni okkar hér á Álftanesi.

Sund- (gellur) (fitin) (gæsir) (fleiri hugmyndir?)